



**HAFNARFJÖRÐUR**

**Minnisblað - 22. september 2015**

### **Tryggingargjald**

Tryggingargjaldið var 5,34% fyrir hrun en var hækkað í 7% árið 2009 og þá mældist atvinnuleysi 8%. Í dag er gjaldið 7,49% og mun lækka í 7,35% á árinu 2016. Atvinnuleysi nú er 3,1%.

Hafnarfjarðarbær mun greiða um 670 m.kr. í tryggingargjald árið 2015 en þessi fjárhæð væri um 478 m.kr. ef tryggingargjaldið væri óbreytt frá því fyrir hrun eða lækkun sem nemur um 192 m.kr.

Ríkið varði um 28 milljörðum króna til atvinnutryggingarsjóðs þegar hæst lét árið 2010 og þá nam atvinnuleysið 8,1%. Í fjárlögum 2016 er gert ráð fyrir að atvinnuleysisbætur hækki um 9,4% á milli ára og að ríkið verji um 13,3 milljörðum til atvinnuleysistryggingarsjóðs.

Hafnarfirði 22. september 2015

Rósa Steingrímsdóttir  
Sviðsstjóri fjármálasviðs